

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 214/2024

2024/EES/92/33

frá 23. september 2024

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/856 frá 1. desember 2023 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina áfallasviðsmyndir í tengslum við eftirlit, sameiginlegar forsendur líkana og stika og hvað telst mikil lækkun ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/857 frá 1. desember 2023 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina staðalaðferð og einfaldaða staðalaðferð til að meta áhættu sem leiðir af hugsanlegum breytingum á vöxtum sem hafa áhrif bæði á hagrænt virði eigin fjár og hreinar vaxtatekjur af starfsemi stofnunar utan veltubókar ⁽²⁾.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 14s (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2581) í IX. viðauka við EES-samninginn:

- „14u. **32024 R 0856**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/856 frá 1. desember 2023 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina áfallasviðsmyndir í tengslum við eftirlit, sameiginlegar forsendur líkana og stika og hvað telst mikil lækkun (Stjtið. ESB L, 2024/856, 24.4.2024).
- 14v. **32024 R 0857**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/857 frá 1. desember 2023 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina staðalaðferð og einfaldaða staðalaðferð til að meta áhættu sem leiðir af hugsanlegum breytingum á vöxtum sem hafa áhrif bæði á hagrænt virði eigin fjár og hreinar vaxtatekjur af starfsemi stofnunar utan veltubókar (Stjtið. ESB L, 2024/857, 24.4.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2024/856 og (ESB) 2024/857, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/856, 24.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/856/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/857, 24.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/857/oj

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.